

Rangárþing ytra  
Haraldur Birgir Haraldsson,  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Suðurlandsvegi 1-3  
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 13. janúar 2014  
Tilvísun: UST20131200071/ksj

### Tillaga að deiliskipulagi frístundalóða í landi Haga, Rangárþingi ytra.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 13. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á deiliskipulagi frístundalóða í landi Haga.

#### Skipulagssvæðið

Deiliskipulagstillagan nær til 1,6 ha frístundalóðar, og felst tillagan í því að skipta lóðinni í þrjár lóðir. Fram kemur í greinargerð að heimilt er að byggja frístundahús og gestahús/geymslu á hverri lóð en ekki er gefin upp hámarksstærð. Einnig eru upplýsingar um veitur og frárennsli í greinargerð.


#### Aðgengi almennings

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem lóðir ná að Eystra Gíslholtsvatni, þarf skv. Skipulagsreglugerð nr. 90/2013 að gera ráð fyrir aðgengi almennings meðfram vatninu. Í reglugerðinni segir í gr. 5.3.2.14 Skipulag við ár, vötn og sjó: *Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m.* Einnig bendir Umhverfisstofnun á III kafla 23. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, en kaflinn ber yfirskriftina *Almannaréttur, umgengni og útivist*, og þar kemur fram að óheimilt er að hindra umferð gangandi mann á vatnsbakka.

#### Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar þarf að gera betur grein fyrir aðgengi almennings meðfram Eystra Gíslholtsvatni. Einnig ættu að mati stofnunarinnar að koma fram ákvæði um hámarksstærðir húsa í tillögunni. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við ofangreinda skipulagstillögu.

Virðingarfyllt

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun